

Nd.

88. Frumvarp til laga

[84. mál]

um breytingu á lögum nr. 86 4. júlí 1985, um viðskiptabanka.

Flm.: Ingi Björn Albertsson, Hreggviður Jónsson.

1. gr.

11. gr. laganna orðist svo:

Bankastjórn ríkisviðskiptabanka, skipuð þremur bankastjórum, hefur með höndum framkvæmdastjórn bankans.

Bankaráð ræður bankastjóra og segir þeim upp starfi. Bankastjórar skulu eigi ráðnir til lengri tíma en sex ára í senn. Lausar stöður bankastjóra ríkisviðskiptabanka skulu ávallt auglýstar til umsóknar í Lögbirtingablaði og dagblöðum með minnst fjögurra vikna fyrirvara. Með umsókn skulu fylgja rækilegar upplýsingar um menntun og fyrri störf umsækjenda.

Hafi bankastjóri brotið af sér í starfi getur bankaráð að höfðu samráði við ráðherra vikið honum frá fyrirvaralaust og án launa. Bankaráð skal skýra bankastjóra skriflega frá ástæðum fyrir frávikningu úr starfi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Það hefur löngum verið vitað, og nánast opinbert leyndarmál, hvernig gömlu stjórnsmálaflokkarnir hafa misnotað vald sitt og aðstöðu til að ná sem mestum ítökum í þjóðfélaginu. Einkum og sér í lagi hafa ýmiss konar fjármálaleg ítök freistað flokkanna og þá ekki síst úthlutun bankastjóraembætta við ríkisviðskiptabankana, enda er þar um að ræða einna sterkustu stofnanirnar í fjármálaheiminum. Oft er þá verið að verðlauna menn fyrir dygga þjónustu við „flokkinn“ eða nauðsynlegt reynist að rýma til á öðrum sviðum fyrir nýjum mönnum. Kveður nú svo rammt að í þessu efni að tekið er að rádstafa bankastjórastöðum mörgum árum áður en núverandi bankastjórar hætta störfum. Gildir þá flokksskírteinið oft meira en menntun og hæfni bankastjóraefnisins.

Tilgangur þessa frumvarps er að sporna við misnotkun valds og aðstöðu við veitingu þeirra áhrifamiklu starfa er hér um ræðir og leitast við að fagleg sjónarmið verði sett ofar flokkslegum.

Gert er ráð fyrir í frumvarpinu að 1. mgr. og fyrstu tveir málslíðir 2. mgr. 11. gr. laganna standi óbreytt, en hins vegar bætist við 2. mgr. tveir nýir málslíðir. Hinn fyrri er ákvæði um að ávallt skuli auglýsa lausar stöður bankastjóra við ríkisviðskiptabanka. Er hér um eðlilega málsmeðferð að ræða við veitingu helstu embætta á vegum ríkisins og tryggir jafnan rétt einstaklinga til að fá vitneskju um og sækjast eftir stöðum sem þessum. Í annan stað leiðir opinber auglýsing um þessi embætti væntanlega til þess að úr fleiri hæfum umsækjendum verður að velja. Síðast en ekki síst er með þessu reynt að sporna við leynimakki og baktjaldasamningum stjórnsmálamanna sem viðgengist hafa varðandi veitingu slíkra starfa. Má í þessu sambandi benda á að í 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/1954, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, er að finna almennt ákvæði um að auglýsa skuli lausar stöður á vegum ríkisins í Lögbirtingablaðinu, venjulega með fjögurra vikna fyrirvara. Hins vegar hefur verið umdeilt hvort lög nr. 38/1954 tækju til bankastjóra ríkisviðskiptabanka. Til að taka af öll tvímæli í þessu efni þykir eðlilegt að sérstakt ákvæði um þetta atriði bætist við 2. mgr. 11. gr. viðskiptabankalaganna.

Í síðasta másl. 2. mgr. 11. gr. er gert ráð fyrir því að umsækjendur um bankastjórastöður í ríkisviðskiptabönkum leggi fram upplýsingar um menntun sína og fyrri störf. Er hér um eðlilega og sjálfsagða kröfu að ræða sem tíðkast á allmörgum sviðum þjóðlífsins og á fyllilega rétt á sér varðandi þessar stöður. Auk þess er það von flutningsmanna að þetta skilyrði stuðli að því að beina mati á umsækjendum um þessar stöður frá flokkslegum eða hagsmunalegum sjónarmiðum og til þess að hlutlægt hæfnismat ráði því hverjir setjist í stól bankastjóra ríkisviðskiptabanka.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að síðustu tveir málslíðir 2. mgr. 11. gr. laganna verði sérstök málsgrein. Efnisleg breyting er engin en þessi uppsetning er skýrari eftir þær breytingar sem verða á 2. mgr.